

STARFESSKYRSLA SKOGRÆKTAR RÍKISINS HALLORMSSTAÐ 1987.1. VEDURFAR ÁRSINS1.1. TÍDAFARSYFIRLIT.

Páll Guttormsson hefur skráð eftirfarandi tíðafarsyfirlit fyrir árið 1987 á Hallormsstað.

29 cm frost, var komið í jörð, viku af janúar. En frá 8 jan. fram að miðjum mars, voru suðlugar áttir algengastar.

Dagana 22, 23 og 24 jan, var hámarkshitinn 10.0 c. Á því tímabili, var kaldasti sólarhringurinn sólarhringurinn þann 19 mars -10.5. En mesta snjódýpt 25 cm m.d.27. mars. Á sex dögum, dagana 3-8 mars ringdi 122.0 mm.

Í apríl var hitinn um meðallag til 17., en frá 18. til mánaðarmóta var meðaltalið 6.0. Þann 1. apríl voru 9v.stig af vestri.

Frá maíbyrjun til 15. var meðalhitinn 4,3, en frá 16. til mánaðarmóta var hann 10.7. Í hitakaflanum frá og með 19. maí til 27. maí, sprungu tré hratt út. Voru lauftré og lerkí fullútsprungin á óvenju skömmum tíma. Var birkiskógurinn útsprunginn 22. maí og tún urðu þann dag algræn. En lerkiskógurinn varð útsprunginn 20. maí.

Úrkomu í maí var hin minnsta, ásamt tveimur öðrum maímánuðum, frá því mælingar hófust, er var '77 29mm og '65 35 mm. Raki í jörð í skóginum, var þó viðunandi í þurrkakaflanum og er vpað að þakka mikillri rigningu í desember og mars. Flestar sólskinsstundir voru í maí síðan '68.

28. maí kólnaði í veðri og var meðalhitinn frá 28. maí til 13 júní 6,0. En 15 mm rigning var frá 1-5 júní. Svo frá 14-22 júní, er meðalhitinn var 10,5, var grasvöxtur góður. Og voru allar trjátegundir fullútsprungnar og byrjaðar að teigja úr ársprotanum er leið að 20. júní. En er hitinn lækkaði í 7,5 frá 23-30. júní og einnig var að verða þörf fyrir meiri vætu, fyrir gróðurinn, var grasvöxtur og vöxtur trjágróðurs mjög hægur. En í júlíbyrjun, er hlýnaði í veðri og væta fór að verða nægileg fyrir gróðurinn, var vöxtur allra jurta góður, bæði á láglendi og í fjallshliðum. Var vöxtur stafafuru t.d. (er undirbjó vöxtinn í sumar, í júní í fyrna) mjög góður.

Í ágúst var framhald á jöfnum þroska alls gróðurs, eftir hina ríkulegu rigningu í júlí. Algengast var að væri nærri lofn og lofn, því komu geislar sólar að góðum notum í mánuðinum. Algengt var að ársprotar trjáa næðu ríflega meðallengd í mánuðinum, t.d. á sumum lerkikvæmum og á greni, sérstaklega eldra hvítgreni. Hefur aðallega staðið á meiri hita, til að fræmyndun væri ríkuleg í furukönglum.

Um miðjan ágúst voru bláber að byrja að ná góðum þroska. 1. ágúst mældist naturúrkomu 13mm, en var eftir

Það í mánuðinum 8mm. í ágústlok voru á stöku stað lauf birkiskógarins, í grunnum jarðvegi, byrjuð að gulna, vegna lítils jarðraka.

Í september, var austlæg átt langalgengust. Var úrkoma nærri tvöföld meðalúrkoma. Að morgni 13. er mældist 25mm úrkoma frá kvöldinu og um nóttina, voru lækirnir Hafursá, Staðará og Ljósá, bakkafullir. Það kom ekki teljandi næturfrost í september. Mjög fáar sólskinsstundir voru í mánuðinum. Er september '81, einn með minna sólskin.

Fyrstu dagana í október, var meðalhitinn 7,5 og áttin suðlæg. En nv-átt var frá 6-12, var meðalhitinn þá daga -1,0 og mesta frost að næturlagi þann 8. -5,5, en mesta frost að kvöldi 29. -6,0. 7.8 og 9. okt. var vindhraði 7 v.stig, og í 2-3 klst. þann 9. 8 vindstig af nv. 8v.stig voru af sa þann 24.

Í nóvember voru s.lægar og sv-lægar áttir lang algengastar. Þann 19 var nv-átt og um tíma um daginn 9v.stig. Einnig var nv-átt 22 og vindur 8 v.stig, síðdegis, fór þá frostið í -4,0. Er nóvember í ár sá heitasti síðan 1968.

Í desember voru algengastar hægar suðlægar áttir, en þó var hæg austanátt 8 sólarhringa síðast í mánuðinum. Samanlagður hiti tveggja mánaða (síðustu mánaða ársins) er hinn hæsti síðan 1964. Úrkoma í desember var líðlega helmingur af meðal úrkomu hér í desember.

Í árslok var skógurinn alveg þiður.

1.2. TÖFLUR YFIR HITA, ÚRKOMU OG SÓLSKIN

Tafla I. Meðalhiti, úrkoma og sólskinsstundir.

Mánuður	Hitastig í C		Úrkoma í mm		Sólskinsst.	
	meðal- tal	Vik frá meðallagi	Samtals	Vik frá meðallagi	samtals	vik meðal
Janúar	1,7	+2.0	77,7	-27.9	0,6	+0.1
Febrúar	-1,1	+0.1	55,5	-19.6	24,6	-8.4
Mars	0,1	+0.4	159,0	+98.4	85,9	+0.9
Apríl	3,9	+2.3	8,1	-33.7	188,4	+50.0
Mai	7,4	+2.4	3,9	-21.6	252,1	+73.4
Júní	7,7	-2.2	23,3	-6.7	156,6	-33.3
Júlí	11,5	+0.7	73,8	+34.0	133,2	-42.9
Ágúst	9,6	-0.3	20,0	-19.8	148,3	+7.9
Septemb.	6,9	0	116,4	+65.6	39,7	-51.0
Oktober	2,4	-1.6	73,9	+5.6	33,9	-14.5
November	3,5	+2.8	53,5	-20.5	11,5	+2.4
Desember	1,2	+0.3	50,6	-46.9		

Lægsta hitastig að vetri 1987.

Janúar	6	- 8.2	stig
Febrúar	16	-15.0	"
"	14	-13.6	"
Mars	20	-13.9	"
Desember	25	- 8.2	"

1.2.4. Meðalhiti og úrkoma frá '41-'86
Meðalfjöldi sólskinsstunda '52-'86

	Hitastig í C	Úrkoma í mm.	Sólskin í klst.
Mánuður	meðalhiti	meðalúrkoma	meðalfjöldi
Janúar	-1,7	105,6	0,5
Febrúar	-1,2	75,1	33,0
Mars	-0,3	60,6	85,0
Apríl	1,6	41,8	138,4
Mai	5,0	25,5	178,7
Júní	8,9	30,0	189,9
Júlí	10,8	39,8	176,1
Ágúst	9,9	41,4	140,4
September	6,9	50,8	90,7
Október	4,0	68,3	48,4
Nóvember	0,7	74,0	9,1
Desember	-0,9	97,5	

1.3. HITASTIG UNDIR FROSTMARKI.

Tafla II. Frostnatur við jörð og í mælaskýli frá 10. maí til 20. september 1986

Mánuður	Dagur	í mælaskýli	Við jörð
Mai	10	-1.3	-2.6
"	11	-1.4	-2.5
"	12	-2.6	-5.5
"	13	-1.7	-5.0
"	14	-2.3	-8.0
"	15	-0.0	-5.0
"	27	-4.7	-0.5
"	28	-2.1	-2.5
Júní	4	0.3	-5.0
"	7	1.0	-1.3
"	11	1.2	-0.3
"	12	0.4	-3.0
"	14	3.2	-2.0
"	25	3.0	-0.3
Ágúst	26	2.3	-0.9
"	31	1.8	-1.7
Septemb.	15	0.8	-2.0
"	20	1.2	-0.8

1.4. HÁMARKSHITI YFIR 18 STIG.

Tafla III.

Mánuður	Dagur	Hitastig
Mái	20	19.0
"	21	22.0
"	22	23.0
"	23	21.5
"	24	22.0
"	25	19.7
"	26	18.0
"	27	18.7
Júlí	12	18.5
"	19	19.0
"	21	23.5
"	22	19.1
"	30	18.8

2. VÖXTUR OG PRIF TRJÁGRÓÐURS

2.1. LAUFGUN OG LAUFFALL

Lauftré	Laufgun	Lauffall
Birkiskógurinn	22. Maí	1. Okt.
Alaskaösp	20. "	4. "
Blæösp	22. "	22. sept
Hvítelri	22. "	
Reyniviður		8. okt.
Viðja		7. "
Gulviðir		18. "
Bartré		
Lerki	Irkutsk	19. Maí
"	Altai	14. sept okt
"	Miðevrópukvæmi	22. okt
"	Skógurinn	20. " 9. -

2.2. VÖXTUR

Vöxtur var vel í meðallagi, sérstaklega á lerki.

2.3. FRÆFALL
Fræfall á Lirli var gífurlega mikið (S. 130.)
Fræfall var lítið, en nokkuð var tínt af birkifræi og eins var töluvert um köngla á gömlu lindifurrunni sem við söfnuðum og sendum á Mógilsá.

2.4. SKADAR

Mikið á broddfirni og talment á sveigfirrunni frá 1939 (S. 130.)

2.4.1. Frost

Engar frostskemdir urðu á árinu svo teljandi sé nema hvað einn og einn toppur á lerki skemdist um haustið.

2.4.2. Skordýr

Sitkalúsinn náði sér vel á strik og gerði mikin usla í skóginum. Övenju mildur vetur gerði að henni fjölgaði mikið um vorið og seinnihluta sumars fór að bera á verulegum skemmdum víða um skógin. Köngulingurinn var sömuleiðis aðgangsharður og víða miklar skemmdir, upp úr miðju sumri og fram á haust var sprautað töluvert með stóru þokudællunni, þá aðallega hugsað um jólatrés reitina.

Lúsafaraldurinn niður á fjörðum helt áfram og var gripið til sprautuaðgerða á nokkrum stöðum, þ.e. Djúpavogi, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði. Birkimaðkur var enginn.

2.4.3. Sveppsjúkdómar

Mjög lítið bar á sveppasjúkdómum á þessu ári.

2.4.5. Fuglar og spendýr

Hreindýr gera árlega nokkurn usla í ungum lerkigróðursetningum og var svo einnig að þessu sinni.

3. STARESFÓLK.

Alls komust 43 á launaskrá hjá Skógrækt ríkisins Hallormsstað árið 1987. Þar af má telja 8, sem unnu allt árið.

Launagreiðslur til fólks eftir ASI 8.932.870.-
Launagreiðslur til fólks eftir BSRB og BHM..2.194.816.-

samtals 11.127.686.-

4. GIRDINGAR.

4.1. VIÐHALD

Girðingaviðhald var í lágmarki, eins og undanfarin ár. Girðingar komu nokkuð vel undan snjó í ár og því ekki um stórfelldar skemmdir að þessu sinni.

a. Skógargirðingin Hallormstað.

Einungis var um venjulegt viðhald í ár. Fyrirhugað er að endurgirða kafla upp í fjalli í sumar.

b. Jórvík.

Farið var með girðingunni í vor, henni tyllt upp og lagfærð. Knýjandi þörf er á endurgirðingu strax.

c. Eiðagirðing.

Venjulegt viðhald. Ekki er enn búið að finna góða lausn á girðingunni út í fljót.

d. Múlasterkksgirðing.

Áfram var haldið við breytingar á girðingastæði. Búið er að mestu leyti að setja niður hornstaura á línuna.

4.2. NÝJAR GIRDINGAR

Engar nýjar girðingar voru settar upp í löndum skógræktar ríkisins á árinu.

5. SKÓGARHÖGG.

a. Grisjað birki í reit 503 - 1,2.

b. Lerki grisjað í reit 198 - 1,2

Lauffelling:

a. Lauffelling á birki í reit 305-5 skermur yfir fjallapín.

b. " " " 408-10,12,6 skermur yfir hvítgreni.

c. " " " 409-8 skermur yfir hvítgreni.

d. " " " 406-2,3,5 skermur yfir hvítgreni.

5.1. VIDUR.

5.1.1.SALA GIRDINGARSTAURA

Gerð staura	Seldir staurar
B II fúavarðir	426 stk
BIII "	205 "
Skurðbakkar	170 "
Aflstaurar	16 stk
Styttur	218 "
Trjástoðir	1.900 "
Rimlaefni lerki	350 "

5.1.2.SALA VIÐUR

Arinviður (20 kg pokar).....	4.756 pokar
Efniviður, birki, birkt.....	1.985 dm ³
" " óbirt.....	3.244 "
Efniviður lerki, óbirt.....	705 "
Birkiplattar.....	8 stk
Lúpínufræ.....	9 kg

5.2 Jólatré.

Jólatrén voru merkt um miðjan nóvember, byrjað var að fella stóru trén 25 nóvember.

Byrjað var að fella minni trén 1 des.

Skógræktar félag Austurlands sá um Egilsstaðamarkaðinn, ein og í fyrna.Tvær sendingar fóru út fyrir fjórðunginn. Til Reykjavíkur í Blómaval og til skógræktarfélags Eyfirðinga.

Trén voru með góðan lit að vanda, en mörgum reitum urðum við að sleppa vegna skemmda af völdum sitkalúsar og köngulings.

Meiri eftirspurn er orðin eftir Blágreni og Stafafuru en síðastliðin ár, og eigum við nokkuð erfitt að með að anna því.

Þeir reitir sem mest var tekið úr að þessu sinni:

Rauðgreni reitir	708,604,402,og302
Blágreni "	721,og 719
Stafafura "	704,og 304
Fjallapínur "	721,715,og 305

Sala jólatrjáa á Hallormstað 1987.

Trjátegund.	Stærðarflokkar.													
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	18.	
Rauðgreni	110	329	322	101	36	16	18	22	14	7	3	2	1	981
Blágreni	11	32	48	23	8	3		1						125
Stafafura	6	36	43	22	9	3								119
Fjallabíur	4	32	36	32	13	9		3						129
Alls	54	343	465	207	97	37	22	20	15	7	4	2	1	1267 1.354

Greinasala.

Stafafurugreinar	157 kg
Pingreinar	103 kg
Normannspín.greinar	511 kg
	71 pk
Thuja (Sýpress) -	55 kg
	24 pk
Könglar rauðgreni	4 kg

6. GRÖDRARSTÖÐ.

6.1. Fræplöntur. Sjá töflu um sáningu.

Sáð var í lok maí í stóra-húsið og var byrjað á lerki R.L. Imatra í 95 gata bakka. Spírun var þökkaleg, enn við vorum svo óheppin að sáningu var ekki lokið fyrr en í lok góðviðriskaflans og nutum við því ekki góðs af hitanum við spírun. Úðað var með Orthosid 83 strax að lokinni sáningu og síðan reglulega hálfsmánaðarlega, og var óvanalega lítið um rötardauða. Vökvunarrákir komu greinilega í ljós þegar líða tók á sumarið, var þá strax reynt að finna ástæðuna fyrir því og voru skiptar skoðanir um það. Bóman var ný og var álitamál hvort rétt hæð væri á henni, einnig vildi setjast sveppagróður í spíssana og varð að hreinsa það með reglulegu millibili.

Vöxtur í Lerki var hægur framan af, enn seinni hluta ágúst og í byrjun september var hæðin yfirleitt orðin viðunandi þó voru plönturnar úr þurrkröndunum í lægri kantinum. Engin vanhöld voru sem hægt er að tala um.

Greni, Furu og Pinsáning hófs ekki fyrr en 11 júní vegna þess að Deje húsið var ekki tilbúið eftir endurbætur og einnig var einhver töf á afgreiðslu 35 gata fjölpotta. Dúkurinn var ekki kominn á húsið þegar við byrjuðum að sá svo notast var við acryldúk sem breiddur var yfir bakkana strax og sáningu lauk hvern dag. Þó spíraði furan ágætlega, blágreni, þinkvæmið windy-arm, en sitkagrenið var lélegt. Vöxtur var frekar lítill þó má segja mesta furða miðað við aðstæður. Birkið fór mjög hægt af stað, náði þó að lokum ágætri hæð, blöðin voru mjög stór og bar þó nokkuð á myglu, við hreinsuðum skemmd blöð burt jafnóðum og úðuðum með sveppalyfi, svo ekki hlutust verulegar skemmdir af.

6.2. Dreifsetning skógarplantna.

Dreifsetning skógarplantna var engin.

6.3. Garðplöntur. Sjá töflur um garðplöntur.

Garðplöntusala var með sama sniði og undanfarin ár. Upptaka hófst óvenju snemma vegna eindæma bliðu um vorið, og var byrjað fyrstu viku í maí. Erfitt reyndist að geyma plönturnar, því þær voru komnar af stað þegar mögulegt var að ná þeim upp, sérstaklega voru vandræði með stóru Öspina sem ekki var hægt að koma á kæli. Mjög mikið var að gera í sölunni og vart tókst að hafa undan, enn með einstaklega góðum starfskrafti tókst þetta allt vel. Mögulegt hefði verið að selja meiri ösp ef hægt hefði verið að ná henni upp. Við tókum þátt í "Grænu Torgi" á Egilsstöðum í byrjun maí og var sala þar sæmileg en varla nógu góð miðað við alla þá fyrirhöfn sem fylgir þessu. Aðrir staðir hafa óskað eftir þátttöku okkar á svipuðum útimarkaði enn við höfum ekki talið okkur fært að gera það.

Græðlingastunga gekk alveg sérstaklega fljótt og vel fyrir sig. Var stungið 124 þúsund stikklingum á fjórum dögum, fjórir menn og var þetta vel gert enda útkoman góð. Nokkur lús var á víðinum í sumar og þótti því nauðsynlegt að úða.

Dreifsetning garðplantna var aðallega Ösp, Blágreni og Broddfura. Öspin var tekin jafnóðum upp úr stikklingabeði 2 ára og dreifsett strax. Mjög heitt var í veðri þessa daga og varð öspin mjög döpur við þetta umrót svo við lukum við reitin sem við vorum byrjuð á og hättum síðan, vorum við hrædd um að hún lifði þetta ekki af, vökvað var sífellt og varð það úr að hún náði sér ágætlega á strik og afföll ekki veruleg. Greni og Furu var dreifsett í nokkrum mæli, tókst ágætlega til, vöxtur var þó lítill enn ágætur þroski.

Við keyptum plöntur frá Hollandi, aðallega glansmispil og rauðtopp, var glansmispillinn góður enn rauðtoppurinn lélegur og mikil afföll, hverju svo sem var að kenna.

6.4. Afhending skógarplantna. Sjá töflu.

Skógarplöntur til afhendingar voru aðallega Lerki og Birki úr fjölpottum, Greni úr móbandi og lítilsháttar Greni og Fura úr bæði. Lerkikvæmin voru tvö R.L. Imatra og S.L. Tuva í 95g fp. og var ekki sjáanlegur munur á þessum tveim kvæmum nema að Imatra var heldur fyrr að ganga frá sér haustið áður. Plönturnar voru allar í lægri kantinum og rótarhnaus misjafn. Greni úr rúllum voru mjög góðar plöntur enda var þetta mjög góð rúllun á sínum tíma, víða 25 stk í rúllu þó meðaltal 22 stk hafi verið notað. Birki var bæði í 35 og 95 gata fp. og það leynir sér ekki hvað plöntur úr 35g fp eru mikið betri. Auk okkar framleiðslu vorum við með til afhendingar Lerki fp. frá Grundarhóli ca. 50.000, var mikið kal í plöntunum og afföll mikil.

6.5. Illgresiseyðing.

Eyðing illgresis gekk sémilega, nýplöntuð beð voru úðuð jafnóðum með símasin, en götur, gangar og umhverfis með round-up. Góður vöxtur var í arfa í sumar, og náði hann sér vel á strik sumstaðar, t.d. í stikklingabeðum, þar reittum við eitthvað enn létum að mestu viðirinn um að kæfa arfann þar. Annars var þetta svipað og áður, alltaf má betur gera.

6.6. Nýfrankvæmdir.

Deje-húsið var endurbætt mikið og gert nothæft fyrir fjölpottaræktun. Það þurfti margt að gera sem tók bæði meiri tíma og peninga en gert hafði verið ráð fyrir. Það sem gert var, að grindin var styrkt verulega og á nú að þola varanlegan dúk. Bómu úr stóra-húsi var breytt þannig að nú gengur hún á braut eftir gólfinu, þessi bóma er notuð í Deje-húsi. Þakgluggaútbúnaður var lagfærður, þannig að hægt er að opna með hjóldrifi og ætlunin að setja síðar sjálfvirkan útbúnað eins og er í stóra-húsi, annað er ekki forsvaranlegt. Allri mold var ekið út, styrkingar settar á undirstöður og fyllt upp með mól, var þetta mikið verk.

Bóma var smíðuð í stóra-gróðurhús og er hún hangandi á braut, auðveldar það alla umferð og vinnu í húsinu þegar búið verður að fjarlægja uppistöðurnar undan þeirri gömlu. Það var Sigurður Eiríksson sem smíðaði bómuna, sá um breytingar á þeirri gömlu og styrkingar á Deje grind.

Keypt var kynditæki sem setja á upp í stóra-húsi og koma því þannig fyrir að það sé nýtanlegt fyrir bæði húsin.

6.7. Ýmislegt.

Hreinsað var til í reit F1 og er ætlunin að færa söluskúrinn þangað uppeftir og nota reitinn fyrir sölusvæði. Teljum við það mun þægilegra að fá sölusvæðið nær og ekki eist vegna þess hversu þröngt er orðið niðurfrá þegar mikil umferð er og setja þarf plöntur á flutningabíla.

Móðurplöntum af ýmsum tegundum af runnum var komið fyrir

í reit niður af söluskúr, er það bráðabirgða ráðstöfun þar til næsti reitur verður tilbúinn til að taka við hinum ýmsu teg. til geymslu.

6.8. KOSTNAÐUR.

Sjá viðauka niðurstöður úr tölvubókhaldi.

6.9. SALA.

Sala á plöntum 1987

Skipting milli afurða úr gróðurstöð, sjá tölvuyfirlit.

6.9.1. Skógarplöntur	665.826.-
6.9.2. Garðplöntur	4.733.499.-
samtals.	5.399.325.-
6.9.3. Millif. til skógr.r.	1.927.382.-
styrkpl.	130.600.-
garðpl.	44.734.-
samtals.	2.102.716.-

7. GRÓÐURSETNING

Gróðursettar voru 151.512 plöntur í lönd skógræktar ríkisins. Þar af 109.508 plöntur í ákvæðisvinnu.

Gróðursetning hófst 2 júní í r 922 inn við Skjögrastaði. Gróðursett var R.lerki (Östeg), plönturnar ræktaðar á Mógilsá, 9 júní byrjaði akkorðsplöntun, byrjað var inn við Skjögrastaði og plantað beggja vegna vegar úteftir, að Buðlungarvallará. 16 júní var byrjað við selið, og plantað R.lerki (Imatra).

Akkorðsplöntun gekk mjög vel og á sex dögum voru gróðursettar um 109.000 plöntur. Meðalafköst voru um 2200 pl á dag.

22 júní var plantap rauðgr. og fjallap. milli Þjóðvegur og skemmu.

23 júní hófst plöntun í Hólunum, gróðursett var Blágreini og Sitkabast. í r 503.

29 júní voru gróðursettar 1500 pl af rauðgreini í grisjaðar rásir innan við bergfuruna í Stóruvík. Síðan var plantað siberíupin í grisjaðar rásir utan við Stóruvík og haldið úteftir alls 4000 pl.

8. HIRÐING FLANINA

Kjarrhreinsun:

Byrjað var í kjarrhreinsun um miðjan júlí. Hreinsað var frá í reit 708, rauðgreni. Einig var hreinsað töluvert frá vegum í skóginum og verður því haldið áfram næstasumar.

Áburðargjöf:

Borin var græðir 4a á blágreni og rauðgreni í reit á Hafursá.

9. BYGGINGAR.

9.1. VIDHALD.

a. Hallormstaðabærinn.

Skípt var um nokkra gamla glugga og sett í tvöfalt rúðugler í þá sem ekki var komið í áður. Um sumarið var húsið málað, en ekki endanlega lokið.

b) Skemma.

Ekki var um neitt meiri háttar viðhald, en sett voru upp ljós í kompunar tvær sem smíðaðar voru í fyrra. Einnig voru sett upp fleiri ljós inn á verkstaði.

Ganga þarf frá rennum utan á skemmuni og kominn er tími á að mála hana að utan.

d) Akurgerði.

Loks tókst að klára klæðninguna á húsinu, eftir margra ára bið í kerfinu.²

Einnig var þakið tekið upp einangrað og sett járn í staðin fyrir hriplekan pappann, og neyðist nú Erla til að vökva blómin í borðstofunni sem hún ekki þurfti áður þegar mikið ringdi.

Nývirki.

Hinn heimsfrægi danspallur í Atlavík var ekki mikið í sviðsljósinu á þessu ári. Þó var sett varanleg þakgrind yfir sviðið og keyptur varanlegur plastdúkur, sem tekin er af að hausti. Má nú búast við mikilli eftirsókn heimsfrægra spilara til tónleikahalds.

10. VÉLAR OG VERKFERI

Einungis var um eðlilegt viðhald á bílum og dráttarvélum að ræða á þessu ári, sem sést best á því að áætlaðu kostnaður við bifreiðar S.r. varð 220.000 kr undir áætlun. Undantekning frá því var að skift var um heddþakningu og yfirfarin mótór í lapplander og skift var um vökvakerfi á MF dráttarvél. Keypt voru nýjir hjólbarðar undir Ford pickup. Ný miðstöð var sett í Bens vörubíl.

Keypt var nýtt "vedaggregat", tæki sem klippir og klýfur arinviðinn í sömu andránni. Tækið er sænskt og er knúið af rafmótór. Lítil reynsla er komin á notkun þess ennþá þar sem það kom seinnt í haust.

FRAMKVÆMDIR Í FLJÓTSDAL.

Gróðursetning:

Gróðursetar voru alls 23.785 plöntur í Fljótsdalsáætlun. 18 júní var plantað 5000 pl á melinn neðan Þjóðvegur, innan við bæinn. 2 júlí var plantað 13.725 pl í girðinguna ofan við Þjóðveg, utan við bæinn. 18 júní voru í Mjóanes gróðursettar 5000 pl.

<u>Tegund</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Aldur</u>	<u>F.nr</u>	<u>Pl.gerð</u>	<u>Strönd</u>	<u>Mjóanes</u>
R.lerki	Imatra	1/0	c-190	fp	18.785	
R.lerki	Imatra	1/0	c-190	fp		5000

Alls plantað 1987 23.785 pl.

NÝGIRÐING FLJÓTSDALSAÆTLUN.

Melar: Lokið var við að setja upp rafmagnsgirðinguna og gekk það verk mjög vel. Er þetta fyrsta fljótsdalsgirðingin sem sett er upp sem rafgirðing og teljum við það vera framtíðina í girðingarmálum. Heildarlengd girðingarinnar er 3.5 km.

12. YMISLEGT.

12.1.FUNDIR OG FERDALOG

12.2.GESTIR SKÓGRÆKTARINNAR

12.3. FERDAFÓLK.

Aðsókn að tjaldstæðunum í Atlavík var þökkaleg að þessu sinni. Meðan mest var í júlí var tjaldvörður bundinn yfir þessu stóran hluta sólahrings og eins þurfti að hafa helgarvaktir flestar helgar.

Atlavíkurbátið var haldin um Verslunarmannahelgina að þessu sinni. Aðsókn þótti heldur dræg, ca.2000 manns voru á svæðinu. Þetta var því allt mjög viðráðanlegt og þó að tekjurnar yrðu að sama skapi minni vorum við harðánægð.

12.4.ANNAD

Í haust var fjárfest í langþráðu tæki hér við skógræktina en það er þurrktæki og klefi til að þurrka arinn- og smíðavið. Keypt var notað þurrktæki af Brúnás, viftur og vagnar af Völundi og gámur af Eimskip.

VIÐAUKI.

1. Tafla yfir gróðursetningu.
2. Gróðrarstöðvarskýrslur 13 blöð.
3. Vinnustundasundurliðun 3 blöð.
4. Yfirlit fyrir fjárhagsáætlun 1988.

Þróðursetning Hallormsstöð vor 1987

Teundur	Kvæmi	Aldur	Fra. nr	Pl. og R. nr	Ásar	Mörk	Hafursá	Hólar	Sei	Alls
Blágreni	Río Grande	2/2	C-118	mb	503-1	-	-	4500 v	-	4.500
"	"	2/3	-	br	503-1	-	-	2000 v	-	2.000
Fjallabinnur	Skagway	2/3	C-051	mb	602	840 v	-	-	-	840
Siberiubinnur	Altai	2/3	C-108	br	198-1	-	4000 v	-	-	4.000
Lerki	Tung Áss	1/0	C-176	fd	910	-	-	-	-	59.954
"	"	"	"	"	911	-	-	-	-	-
"	"	"	"	"	920	-	-	-	-	-
"	"	"	"	"	907	-	-	-	-	-
R.Lerki	Ústedi	1/0	C-177	"	912	-	-	-	-	39.300
"	"	1/0	C-177	"	922	-	-	-	-	-
R.Lerki	Inatra	1/0	C-190	fd	926	-	-	-	53675	33.675
Rauðoreni	Drevja	2/2	C-125	mb	602	3500 v	-	-	-	3.500
"	"	"	"	"	200-2	-	1080 v	-	-	1.080
Sitkabest.	Lysishóll	2/2	C-022	mb	503-1,2	-	-	2662 v	-	2.662

99.254 4.340 5.080 9.162 53.675 151.511

***** Vinnustundir Hall. *****

		RAUN.	AETLUN	AETLUN
		1987	1987	1988
01-02	F Skógvarsla Almennt	4631.4	4800	4700
01-02				
01-03	F Skrifstofa	2037.8	2200	2200
01-03		133.6		
01-04	F Skógræktaráætlanir	201	600	300
01-04		47	50	
01-05	F Móttaka gesta	4.7	20	40
01-05		4	40	10
01-08	F Héraðsskógræktarfélag	33	30	30
01-08				
02-02	F Skógræðsla almennt	124	150	120
02-02				
02-03	F Vegagerð framræsla		150	150
02-03			50	50
02-04	F Gróðursetning	5	100	100
02-04		414	1700	500
02-05	F Umhirða grisjun	6	100	10
02-05		473.1	700	700
02-06	F Veðurathuganir			
02-06		57	230	60
02-07	F Smölun búfjár	4	10	30
02-07		14.7	40	30
02-08	F Skógarhögg-útdráttur	1108.6	600	1100
02-08		705.5	200	250
02-09	F Viðarvinnsla	1694.2	1200	1700
02-09		762.1	500	800
02-10	F Jólatré	706.4	600	700
02-10		126.3	200	120
02-11	F Hnausaplöntur	11	50	50
02-11		8	80	50
02-12	F Lúpinufræ	30.1	20	30
02-12		209.2		100
02-13	F Skordýra- sjúkdómavarnir	70.5	10	70
02-13		41	40	40
02-14	F Viðgerðir-girðinga	82.4	300	200
02-14		34	300	200
02-15	F Grisjun ungskóga		500	0
02-15			300	0
03-02	F Gróðrarstöð-almennt	212.7		200
03-02		9		10
03-03	F Sáning-skógarplantna	8	15	20
03-03		53		30
03-04	F Dreifsetning-skógarplantna		20	0
03-04		100.5	100	0
03-05	F Uppt-meðf-afgr-skóopl.	350.1	100	50
03-05		235.3	300	30
03-07	F Fjölþottaplöntur	316.8	200	300
03-07		1244.8	1000	1200
03-08	F Stikklingar-útiræktun	237.7	250	240
03-08		326.1	750	325
03-09	F Garðplöntur-beðplöntur	375.9	400	375
03-09		871.9	900	800
03-10	F Garðplöntur-pottapl.	196.2	300	200
03-10		649.7	500	600
03-11	F Sala-garðplantna	727.7	800	720
03-11		1445	1100	1500
03-13	F Frídagavaktir	24	60	60
03-13		43	60	60

03-14	F Vetrarumbúnaður	42.2	20	20
03-14		2		0
03-15	F Ræktunarbúnaður	567	200	200
03-15		295.3	50	150
04-02	F Rekstur-húseigna almennt	713	10	300
04-02		95.1	260	50
04-03	F Hallormsstaðabær	106	150	20
04-03		51	50	40
04-04	F Akurgerði	244.2	130	20
04-04		54.2	200	20
04-05	F Skemma-Mörk	28.5	200	100
04-05		20	50	30
04-06	F Mörkin st.bústaður	43	200	30
04-06		19	30	30
04-10	F Utihús Hallormsstað	7.7	30	10
04-10			40	100
05-01	F Umhverfi	184.4	100	180
05-01		347.6	700	350
06-02	F U-1905	42	50	20
06-02		67.4	50	70
06-03	F U-3357	42	70	40
06-03		39.7	40	40
06-04	F U-3829	23	50	20
06-04		145	50	50
07-03	F Ford 5000	9.7	100	10
07-03		37.9	100	30
07-04	F MF-ud 366		30	10
07-04		16.7	100	20
07-05	F Fergus. UD-11	3	30	5
07-05		37	10	30
07-06	F Farmal Cub	21.7	10	5
07-06				0
07-10	F Dráttarv.tengd tæki	4	10	4
07-10		42	40	40
07-11	F Vélkn. tæki.og stór áhöld	162.3	70	100
07-11		143.7	20	100
07-12	F Verkfæri-almennt	52	100	50
07-12		117.4	100	110
08-01	F Vélaverkstæði	29.2		30
08-01		45.9	10	45
09-01	F Utivistarsvæði	299.8	300	100
09-01		1082.6	400	400
0a-04	F Skógar.Ásar og Buðlungavelli	40		40
0a-04		767		800
0h-04	F Skógar. Mjóanes-Hafursá	1		0
0h-04		141		0
0h-08	F Mjóanes- Hafursá skógarhögg	53		600
0h-08				400
0h-11	F Mjóanes-Hafursá hnausplöntur	219		150
0h-11		180		150
0h-15	F Mjóanes-Hafursá grísjun ungs	32		0
0h-15				0
10-01	F Matarfélag			0
10-01		920	820	920
17-02	F Kjarasamn.gjöld-sérst.frið.	523.5	700	600
17-02		666.5	480	700
17-03	F Veikindadagar	862.5	600	600
17-03		237.1	200	200
17-04	F Orlofslaun	1082.7	1200	1000
17-04				0

17-06	F Desemberuppbót		500	600
17-06				0
18-02	F Vinna f.aðra ymsir	306		0
18-02		185.4		0
18-03	F Vinna f.a.Barnask.	45.7		0
18-03				0
18-04	F Vinna f.a.Húsmæðrask.	61.7		0
18-04		4		0
32-14	F Eiðar viðg.girðinga	18	20	20
32-14		34	20	20
34-04	F Múlastekkur gróðursetning		10	10
34-04			70	70
3j-02	F Jórvið almennt	9.7		20
3j-02		19.4		20
3j-14	F Jórvið-girðing	26	20	20
3j-14		45.4	20	50
40-01	F Fljóð.áætl.alm.gjöld.	2		
40-01				
42-16	F Droplaugarst.nýgirðing		50	250
42-16			150	200
44-04	F Gunnlaugsstaðir gróðursetning			0
44-04			50	0
47-04	F Melar gróðursetning			4
47-04				240
47-16	F Melar-nýjar girðingar	246.9	100	30
47-16		236.8	300	30
48-04	F Mjóanes-gróðursetning			2
48-04		36	50	80
49-04	F Skriðukl.gróðursetn.	5	10	4
49-04			126	160
4a-04	F Strönd-gróðursetn	7		2
4a-04		144	50	80
4c-04	F Valbjófsstaður gróðursetning			0
4c-04			50	0
4d	F Viðivallagerði			2
4d		11.4		80
4f-04	F Vallanes gróðursetning			2
4f-04				80
07-08	F Deutz dx			10
07-08				100
04-13	F Þurrkklefi			200
04-13				60
4g-16	F Hálsqirðing			400
4g-16				300
04-11	F Viðar og Áhaldaskyli			500
04-11				200
	Alls:	33.661	32.481	34.145

DAGSETNING: 09.03.88

SKÖGRÆKT RÍKISINS
REKSTRAR- OG FRAMKVÆMDAYFIRLIT
Áætlunarárið: 1988

BLS. 1

	* Rekstur Laun	* Almennur rekstur Gjöld Tekjur	* Breytilegur kostnaður Gjöld Tekjur	* Samtals Gjöld Tekjur
MÁLAFLOKKAR				
SKÖGVARSLA HALLORMSSTAÐ	3,058,450	2,093,543	-445,229	5,151,993 -445,229
SKÖGGR.HALLORMSSTAÐASK.	3,031,073	1,832,376	-4,199,838	5,035,199 -4,199,838
RÖÐRARSTÖÐ HALLORMSST.	2,445,102	1,036,615	-7,715,780	3,662,117 -7,715,780
HÚSEIGNIR SKÖGRÆKT RÍK.	278,700	1,136,555	-15,978	1,982,555 -15,978
UMHVERFI	186,600			186,600 0
BIFREIDIR Sr HALLORMSST	84,400	477,865	-188,018	562,265 -188,018
DRÁTTARVÉLAR & ÁHÖLD	219,530	673,256	-44,034	680,000 1,572,786 -44,034
VÉLAVERKSTÆÐI	26,700	115,619		142,319 0
ÚTIVISTARSVÆÐI ATLAVÍK	171,500	304,860	-500,000	476,360 -500,000
SKÖGGR.ÁSAR & BUDLUNGAV	543,800	1,870,000		2,413,800 0
SKÖGGR.MJÓANES HAFURSA	477,750			477,750 0
MATARFÉLAG SKÖGR.MANNA	303,600	507,664		811,264 0
KJARASAMNINGAGJÖLD	1,403,000			1,403,000 0
VINNA FYRIR ADRA				0 0
FRÆÐFLUN - FRÆSÖFNUN	42,058	871		42,929 0
SKÖGGRÆDSL.EIDAR & GRÖF	14,500			14,500 0
SKÖGGRÆDSLÁ-MÚLASTEKKUR	27,050			27,050 0
SKÖGGRÆDSLÁ - JÖRVÍK	39,200	13,411	-6,250	52,611 -6,250
FLJÓTSDALSAÆTLUN	247,981	1,443,808		686,500 2,378,289 0
TILRAUNAVERKEFNI		18,767		18,767 0
MILLIFÆRSLUR S.r.TEKJUR			-5,271,758	0 -5,271,758
SAMTALS.	12,600,994	11,525,210	-18,386,885	2,285,950 26,412,154 -18,386,885
S A M T A L S	12,600,994	11,525,210	-18,386,885	2,285,950 26,412,154 -18,386,885
MISMUNUR GJALDA OG TEKNA	-12,600,994	6,861,675		-2,285,950 -8,025,269

*** HÉR ENDAR - PRENTUN REKSTRAR-OG FRAMKV.ÆTLUNAR ***

S K O G R A K T R I K I S I N S

G R O Ð R A R S T U Ð I N

HALLORMSSTAÐ

1. Sáning árið 1987

<u>Tegund.</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Gr.</u>	<u>M2</u>	<u>Athugas.</u>
Blágreni	Río grande	862182	160	400	fjölþ-35g
Blágreni	George Creek	870010	80	200	-
Birki	Hall	842149	200	600	-
Broddfura	Haunt conflent	870013	430	600	-
Fjallapínur	Tutshi	870006	500	10	beð
Fjallapínur	Windy arm	870008	500	10	-
R.L.	Imatra	870002	7.750	2.638	fjölþ-95g
Sitkagreni	Homer	761936	400	600	fjölþ-35g
Stafafura	Tutshi	870005	130	300	-
Stafafura	San Isobel	842168	180	300	-
Lindifura	Irkutskaja	872191	9.000	12	haust-beð
Reyniviður	Hall			12	-

SKOGRÆKT RIKISINS

GRÖÐRARSTUÐIN

HALLORMSSTAÐ

2. Viðargræðingar 1987

<u>Tegund</u>	<u>Fjöldi</u>
Alaskavíðir brúnn	57.200
Alaskavíðir grænn	18.100
Brekkuvíðir	9.000
Cordova	2.500
Gulvíðir	770
Loðvíðir	3.500
S-1	5.900
S-2A	310
S-2B	1.050
S-04	200
S-3A	11.880
Tunguvíðir	160
Viðja	12.400
	<hr/>
	123.100
	<hr/>
<i>Alaskaösp</i>	<i>6.200</i>

S K O G R Æ K T R I K I S I N S

G R O Þ R A R S T U Ð I N

HALLORMSSTAÐ

2. Sumargræðlingar árið 1987

<u>Tegund</u>	<u>Fjöldi</u>
Birkikvistur	1.300
Blásurunni	212
Bogamispill	190
Bogakvistur	120
Bogasýrena	245
Dúntoppur	240
Gljásýrena	190
Garðakvistur	370
Hafþyrnir	133
Igulmispill	30
Kambmispill	300
Lágkvistur	160
Rósakvistur golden flame	264
Rósakvistur Frobelii	322
Runnamura gul	487
Runnamura hvít	490
Silfurblað	50
Snækvistur	400
Skriðrunnamura	72
Skúfkvistur	200
Stikilsber	100
Stóri kvistur	225
Perlukvistur	650
Vaftoppur	70
	<hr/>
	4.890
	<hr/>

S K O G R A E K T R I K I S I N S

G R O Þ R A R S T U Ð I N

HALLORMSSTAÐ

2. Pottað 1987

<u>Tegund</u>	<u>Fjöldi</u>
Alaskarós	32
Blátoppur	1.289
Blásurunni	90
Bogakvistur	118
Birkikvistur	470
Bogamispill	79
Bogasírena	42
Bjarkeyjarkvistur	140
Dísarrunni	14
Dúntoppur	71
Garðakvistur	85
Glansmispill	1.700
Gljásírena	244
Hafþynnir	47
Heggur	84
Hindber	20
Lágkvistur	107
Physocarpus monog.	18
Perlukvistur	131
Rauðtoppur Haks red	21
Reyniblaðka	40
Rósakvistur Frobelii	232
Rósakvistur Gold flame	276
Røðaheggur P. Colorata	23
Runnamura skrið	124
Runnamura hvít	191
Skriðmispill	43
Skúfkvistur	60
Snækvistur	162
Stikilsber	23
Stórikvistur	162
Vaftoppur	132
	<hr/>
	6.270

SKOGRÆKT RIKISINS

GRÖÐRARSTUÐIN

HALLORMSSTAÐ

2. Pottað 1987

<u>Tegund</u>	<u>Flri kvæmi</u>	<u>Fjöldi</u>	
A-280	Seward	346	pott
A-030	Ambl.	322	Asparbakka
A-485	Hanes	500	-
A-076	Elin	23	-
A-589	AMC	550	-
A-464	Skagway	354	pottar
A-464	-	660	Asparbakka
A-341	Lawing	322	-
A-375	Cooper lake	207	-
A-310	Harbour	23	-
A-282	Palmer creek.	500	-
		<u>3.807</u>	

Eftirstöðvar í fjölpottur.

A-589	AMC	30
A-375	Cooper lake	80
A-341	Lawing	90
A-464	Skagway	80
A-280	Seward	200
A-019	Ambler	7
A-282	Palmer Creek	13
A-030	Ambler hills	120
A-485	Haines	30
A-076	Elin	20
		<u>670</u>

SKÓGRAKT RÍKISINS

GRÓÐRARSTUÐIN HALLORMSSTAÐ

3. Garðplöntur - Afhending árið 1987

<u>Tegund</u>	<u>Beopl.</u>	<u>Pottar</u>	<u>Hnausp.</u>	<u>Samtals</u>
Sitkabastarður	10		168	178
Stafafura		50		50
Sitkagreni			72	72
Stikklingar víðiteg. o				340
Toppar				1
Blátoppur		666		666
Dúntoppur		13		13
Rauðtoppur Hacks red		30		30
- Zabelii		8		8
Vaftoppur		9		9
Sveigfura		6		6
Víðir ónafngr.	140			140
Alaskavíðir brúnn	9.696			9.696
- grænn	4.390			4.390
Brekkuvíðir	5.566			5.566
Cordovavíðir	1.678			1.678
Loðvíðir	105	50		155
Selja		98		98
Viðja	1.898			1.898
Yakutatvíðir	1.034			1.034
Hnausaplöntur úr skóg				<u>26.028</u>
Bergfura			265	265
Lindifura			26	26
Stafafura			52	52
Síberífulerki			673	673
				<u>1.018</u>

Alls gartplöntur:

26.028

7.413

33.441

S K O G R A E K T R I K I S I N S

G R O Þ R A R S T U Ð I N HALLORMSSTAÐ

3. Garðplöntur - Afhending árið 1987

Tegund	Beðpl.	Pottar	Hnausp.	Samtals
Alaskaösp				1.292
Blágreni				428
Birki	-		-	1.327
-	skjólþ			367
Birkikvistur		221		221
Bjarkeyjarkvistur		37		37
Bogakvistur		143		143
Dögglingiskvistur		47		47
Garðakvistur		108		108
Perlukvistur		145		145
Rósakvistur frobelii		48		48
- gold flame		49		49
Snækvistur		15		15
Lindifura		9		9
Fjallapínur		18		18
Broddfura			239	239
Gullrós		34		34
Igulrós Hansa		65		65
- Moje		14		14
Þyrnirós		35		35
Reyniviður	4970		311	808
Runnar		7		7
Ambra		25		25
Berberis		10		10
Blásurunni		8		8
Dísarrunni		1		1
Fjalldrapi		1		1
Glansmispill	1.336	106		1.442
Gljásírena		73		73
Heggur		94		94
Hindber		21		21
Reyniblaðka		20		20
Rifs		240		240
Runnamura hvít		67		67
- gul		204		204
- gul-skrið		34		34
Síberískt baunatré		6		6
Skriðmispill		4		4
Sólber		60		60
Stikilsber		13		13
Síberíuþyrnir		30		30

7.413

S K Ó G R Æ K T R I K I S I N S

G R Ó Ð R A R S T Æ Ð I N

HALLORMSSTAÐ

3. Skógarplöntur - Afhending 1987

<u>Tegund</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Aldur</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Athugas.</u>
Blágreni	Río grande	c-118	1/0	170	fp
Blágreni	Río grande	c-118	2/2	8.157	mb
Blágreni	Río grande	c-118	2/3	2.020	beð
Birki	Hrafnsgerði	c-077	1/0	2.258	fp
Fjallapínur	Syd Tyrol	c-159	3/2	1.060	mb
Broddfura	San Isobel	c-103	3/2	389	-
Rauðgreni	Drevja	c-125	2/2	4.904	-
R.L.	Imatra	c-190	1/0	72.894	fp
Sitkabastarður	Lýsishóll	c-022	2/2	6.405	mb
Sitkagreni	Homer	c-886	2/2	10.762	mb
Stafafura	Bennet lake	c-062	1/3	925	beð
Síberfulerki	Tuwa Assr	c-176	1/0	70.177	fp
Síberfupínur	Altai	c-108	2/3	4.500	beð
Sveigfura	P.Country	c-109	2/2	255	mb
Svartgreni	Bonzanga	c-120	2/2	20	mb
				184.896	

SKÓGRÆKT RÍKISINS

GROÐRARSTUÐIN

HALLORMSSTAD

4. Garðplöntur til sölu og afhendingar vorið 1988

<u>Tegund</u>	<u>Stærð</u>	<u>Fjöld.</u>	<u>Beðpl.</u>	<u>Pottar</u>	<u>Hnauspl.</u>	<u>Samtals</u>
Alaskavíðir gr.	0/2		7.000			7.000
Alaskavíðir br.	-		14.400			14.000
S-kvæmi	-		3.000			3.000
Cordova	-		1.200			1.200
Alaskaösp	1.00-1.25		500			500
-	1.25-1.50				34	34
-	1.50-1.75				71	71
-	1.75-2.00				120	120
-	2.00-2.25				319	319
-	2.25-2.50				423	423
-	2.50-3.00				475	475
-	3.00-3.50		100 ósöluh.		153	253
-	3.50-4.00				110	110
Ambra				187		
Birki	0.75-1.00		82		134	216
-	1.00-1.25		91		183	274
-	1.25-1.50		157		451	608
-	1.50-1.75		100		400	500
-	1.75-2.00		52		109	151
-	2.00-2.25		90		66	156
-	2.25-2.50		20		48	68
Birkikvistur				470		470
Blágreni	30- 40				100	100
-	40- 60			325		325
-	60- 80				118	118
-	80-1.00				153	153
-	1.00-1.20				90	90
-	1.20-1.40				51	51
-	1.40-1.60				29	29
Blásurrunni				48		48
Bogakvistur				118		118
Bogasírena				100		100
Bjarkeyjarkvistur				32		32
Blátoppur				400		400
Brekkuvíðir	0/2		12.000			12.000
Dísarrunni				38		38
Dúntoppur				51		51
Dögglingaskvistur				640		640
Finnsk Hengibjörk	0.75-1.00				440	440
Fjallarífs				43		43
Garðakvistur				36		36
Glansmispill				411		411
Gljásírena				48		48
Gulvíðir	0/2		1.500			1.500

S K Ó G R Æ K T R I K I S I N S

G R Ó Ð R A R S T U Ð I N

HALLORMSSTAÐ

4. Garðplöntur til sölu og afhendingar vorið 1988

<u>Tegund</u>	<u>Stærð</u>	<u>Fjöld.</u>	<u>Beðpl.</u>	<u>Pottar</u>	<u>Hnauspl.</u>	<u>Samtals</u>
Heggur				90		90
Hindber				90		90
Igulmispill				37		37
Lindifura				50		50
Loðvíðir			500			500
Perlukvistur				180		180
Rauðtoppur				60		60
Reyniblaðka				152		152
Rósakvistur	S.b.frobelii			230		230
-	S.b.gold flame			270		270
Reyniviður	0.75-1.00				126	126
-	1.00-1.25				550	550
-	1.25-1.50		14		450	464
-	1.50-1.75		18		276	294
-	1.75-2.00		33		49	82
-	2.00-2.25		78		69	147
-	2.25-2.50		200		134	334
Rífs				740		740
Runnamura	gul			380		380
-	skrið			42		42
-	hvít			167		167
Sandþyrnir				23		23
Selja				470		470
Síberíuþyrnir				54		54
Síberískt Baunatré			900	100		1.000
Sitkabastarður	40- 60				104	104
-	60- 80				387	387
-	80-1.00				255	255
-	1.00-1.20				66	66
Sitkagreni	60- 80				24	24
-	80-1.00				16	16
Skúfkvistur				32		32
Snækvistur				41		41
Sólber				62		62
Sveigfura				150		150
Stórikvistur				52		52
Vaftoppur				77		77
Viðja			3.700			3.700
Þinur				30		30
			45.735	6.526	6.583	58.444

S K Ó G R A K T R I K I S I N S

G R Ó Ð R A R S T U Ð I N

HALLORMSSTAÐ

4. Skógarplöntur til afhendingar vorið 1988

<u>Tegund</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Aldur</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Athugas.</u>
Birki	Hrafnsgerði	c-077	2/0	7.500	fp
-	Hall	842149	1/0	16.000	fp
Blágreni	Río Grande	c-118	2/3	9.400	beð
Blágreni	Kaupanger	c-181	2/0	16.000	fp
Bergfura	Hount confl.	c-055	2/0	1.500	fp
Broddfura	Gilpinco	b-941	3/3	1.180	beð
Fjallapínur	Skagway	c-081	3/3	1.190	beð
Rauðgreni	Drevja	c-125	2/3	ca 6.000	beð
Rauðgreni	Moen	c-111	3/3	- 6.500	beð
Rússalerki	Imatra	c-109	1/0	200.000	fp
Sitkagreni	Homer	b-886	2/3	2.230	beð
Sitkagreni	Homer	b-912	3/0	1.700	fp
Sitkabastarður	Lýsishóll	c-022	2/3	5.000	beð
Sveigfura	Park county	c-109	2/3	900	beð
Stafafura	Tutshi	c-147	3/0	<u>1.600</u>	fp

276.700

S K Ó G R Æ K T R I K I S I N S

G R Ó Ð R A S T Ö Ð I N HALLORMSSTAÐ

Plöntur flokkaðar eftir aldri

<u>Te Gund</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Athugas.</u>
1/0				
Blágreni	Río grande	862182	12.400	fp. 35g
Blágreni	George Creek	870010	6.600	-
Bergfura	Haunt Confl.	870013	16.000	-
Birki	Mörk Hall	842149	16.000	-
Fjallapínur	Tutshi	870006	1.000	10 m ²
Fjallapínur	Windy arm	870008	19.000	-
R.L.	Imatra	870002	200.000	fp.95g
Sitkagreni	Homer	761936	6.000	fp 35g
Stafafura	Tutshi	870005	9.000	-
Stafafura	San Isobel	842168	9.000	-
			<u>286.000</u>	
2/0				
Birki	Hrafnsgerði	c-077	7.500	fp 35/95
Blágreni	Kaupanger	c-181	16.000	fp 95g
Bergfura	Hount counfl.	c-055	1.500	fp 35g
Broddfura	San Isobel	c-156	790	-
Douglasgreni	Amblegard	c-184	300	-
Fjallafura	Syd Tyrol	c-159	900	-
Broddfura	Hall	c-166	245	-
Sitkagreni	Homer	b-912	300	-
			<u>27.535</u>	
3/0				
Sitkagreni	Homer	B912	1.700	-
Stafafura	Tutshi	c-147	1.600	-
			<u>3.300</u>	

S K Ó G R Æ K T R I K I S I N S

G R Ó Ð R A S T Ū Ð I N

HALLORMSSTAÐ

Plöntur flokkaðar eftir aldri

<u>Tegund</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Athugas.</u>
2/3				
Blágreni	Río grande	c-118	9.400	kæli
Rauðgreni	Drevja	c-125	6.000	-
Sitkagreni	Homer	b-886	2.230	-
Sitkabastarður	Lýsishóll	c-022	5.000	-
Sveigfura	Park county	c-109	900	-
			<u>23.530</u>	

3/3

Broddfura	Gil pinco	B-941	1.180	-
Fjallapínur	Skagway	c-081	1.180	-
Rauðgreni	Moen	c-111	<u>6.500</u>	
			8.860	